



12.11.2012

Ár 2012, mánudaginn 12. nóvember, er í Félagsdómi í málinu nr. 9/2012

Alþýðusamband Íslands

f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna

Verkalýðsfélags Akraness

gegn

íslenska ríkinu vegna

Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

kveðinn upp svofelldur

D Ó M U R

Mál þetta var dómtekið 4. október 2012 að loknum munnlegum málflutningi.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Gylfi Knudsen, Kristjana Jónsdóttir, Lára V. Júlíusdóttir og Inga B. Hjaltadóttir.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Sætúni 1, Reykjavík, f.h. Starfsgreinasambands Íslands, kt. 601000-3340, Sætúni 1, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélags Akraness, kt. 680269-6889, Sunnubraut 13, Akranesi

Stefndi er íslenska ríkið vegna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, kt. 630909-0740, Merkigerði 9, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að ákvörðun Heilbrigðisstofnunar Vesturlands um að hætta greiðslum vaktaálags í helgidagafríum til félagsmanna Verkalýðsfélags Akraness, sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, feli í sér brot á framkvæmd greinar 2.6.7 í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambands Íslands, f.h. Verkalýðsfélags Akraness, gagnvart félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness sem starfa við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi.

Stefnandi krefst þess einnig að viðurkennt verði að stefnda sé skylt að greiða félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness, sem starfa við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, vaktaálag á helgidagafríum frá 1. janúar 2011.

Þá krefst stefnandi þess að viðurkennt verði að vaktaálag á greiðslur í helgidagafríum sé hluti af föstum launum félagsmanna Verkalýðsfélags Akraness sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi.

Í öllum tilvikum krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti, ásamt virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir

Dómkröfur þessa máls eru settar fram vegna félagsmanna Verkalýðsfélags Akraness (hér eftir vísað til sem VLFA), sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi (hér eftir vísað til sem HVE). Félagsmenn VLFA hafi um árabíl fengið greitt vaktaálag í helgidagafríum frá störfum sínum hjá HVE og áður forvera hennar, Heilbrigðisstofnuninni Akranesi. Síðarnefnd stofnun sameinaðist öðrum stofnunum undir nafni stefnda með reglugerð nr. 448/2009, um breytingu á reglugerð nr. 764/2008 um sameiningu heilbrigðisstofnana. Stefnandi kveður greiðslu vaktaálags í helgidagafríum hafa verið byggð á túlkun aðila á ákvæði 2.6.7 í kjarasamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambandsins f.h. VLFA og fleiri um að í stað þess að fá greidda vinnu sem unnin væri á sérstökum frídögum sem yfirvinnu, sbr. ákvæði 2.3.2 í kjarasamningnum, ætti starfsmaður sem grein 2.6.7 tæki til, val um að fá frí á óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf í heilt ár, þar með talið vaktaálag.

Stefnandi kveður ákvæðið hafa verið túlkað og framkvæmt athugasemdalaust með þessum hætti um langt árabíl. Í svari Ásgeirs Ásgeirssonar, framkvæmdastjóra fjármála og rekstrar hjá HVE, við spurningum Vilhjálms Birgissonar, formanns VLFA, dagsettu 29. nóvember 2011, kemur fram að eftir úttekt launafulltrúa hafi komið í ljós að það hafi verið upp og ofan hvort laun væru greidd með þessum hætti í fríum eða hvort greitt hafi verið orlof ofan á álag eins og gert sé nú í öllum tilfellum, líkt og segir í svarinu. Segir í stefnu að samkvæmt elstu heimildum hafi framkvæmd greiðslna verið með þessum hætti til fastráðinna starfsmanna frá árinu 1985.

Greiðslur þessar hafi verið felldar niður hinn 31. desember 2010 eftir ábendingu frá Fjársýslu ríkisins og í samráði við starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, þar sem það hafi verið metið svo að greiðslurnar væru ekki í samræmi við kjarasamning. Allt vaktaálag starfsmanna hafi jafnframt verið bætt með reiknuðu orlofi til að koma til móts við þessa breytingu. Í áðurgreindu svari frá Ásgeiri Ásgeirssyni til Vilhjálms Birgissonar segi að litið sé svo á að með þessu sé ekki verið að skerða laun starfsmanna stofnunarinnar, heldur séu þau útfærð með öðrum hætti, þ.e. með áreiknuðu orlofi. Komi þar jafnframt fram að á ári hverju hafi 24 starfsmenn að meðaltali fengið þessar greiðslur og þeir hafi unnið í bítibúrum, við ræstingu og í eldhúsi. Þá segi að uppsagnarfrestur þessara starfsmanna hafi verið þrjár mánuðir.

Með bréfi, dagsettu 1. nóvember 2010 til trúnaðarmanna VLFA, var staðfest af hálfu HVE að frá og með 1. janúar 2011 myndi HVE hætta greiðslum vaktaálags í helgidagafríum. Var það sagt vera í samræmi við túlkun og ábendingu starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hinn 3. nóvember 2011 ritaði VLFA bréf til HVE þar sem þess var óskað að framangreind breyting á framkvæmd kjarasamningsins yrði þegar afturkölluð og laun starfsmanna leiðrétt, þar sem það ætti við, með vísan til þar til greindra raka en að öðrum kosti yrði málinu vísað til Félagsdóms. Þessu bréfi hafi HVE svarað með bréfi, dagsettu 8. nóvember 2011, þar sem raktar hafi verið ástæður þess að umþrættar greiðslur hafi verið felldar niður og því teflt fram að greiðslurnar hafi viðgengist ranglega í einhver ár á stofnuninni og slíkt beri að leiðrétta. Hafi kröfu VLFA verið hafnað.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi kveður ágreining máls þessa vera um skilning á kjarasamningi og gildi hans og sé málið því höfðað fyrir Félagsdómi samkvæmt IV. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 en í 39. gr. sé fjallað um tilnefningu dómara og í 45. gr. um aðild og fyrirvar.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að áralöng og athugasemdalaus framkvæmd á kjarasamningi milli aðila, þar sem vaktaálag hafi verið greitt á helgidagafríum allt fram til 31. desember 2010, feli í sér svo sterka venju að henni verði ekki vikið til hliðar nema með því að taka ákvæðið sérstaklega upp í kjarasamningi og semja um það upp á nýtt milli aðila. Vísar stefndi um það til almennra reglna samningaréttar og vinnuréttar um að venja skapi inntak kjarasamninga og ráðningarsamninga. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi í bréfum sínum viðurkennt og lýst yfir að kjarasamningur aðila hafi verið framkvæmdur í samræmi við dómkröfur stefnanda í máli þessu um árabíl. Sé því komin fram sönnun um að svo sterk venja hafi skapast um skilning og framkvæmd samningsins að honum verði ekki breytt nema með því að gera nýjan kjarasamning. Skipti engu máli af hvaða ástæðum skilningur eða framkvæmd samnings var með þeim hætti sem raun bar vitni. Félagsmenn VLFA hafi í öll þessi ár þegið laun samkvæmt tilgreindri framkvæmd í góðri trú. Hafi þessu auk þess ekki verið breytt þótt kjarasamningar hafi verið teknir upp frá því sú framkvæmd, sem gerð er krafa um að áfram verði beitt, festist í sessi. Verði stefndi að bera hallann af því að hafa ekki haldið eigin túlkun á lofti eða gætt betur að framkvæmd samnings af sinni hálfu, ef hann hafði annan skilning á samningum heldur en þann, sem lá til grundvallar launagreiðslum hans. Stoði ekki að vísa til upplýsingarita, sem stefndi hafi útbúið einhliða, enda séu þau ekki kjarasamningur og geti aldrei skákað honum eða breytt inntaki hans.

Stefnandi byggir enn fremur á því að honum sé tækt að höfða mál þetta um réttindi félagsmanna VLFA, sem starfa hjá HVE á Akranesi, óháð því hvernig sami samningur hafi verið túlkaður á öðrum starfsstöðvum HVE eða milli annarra aðila sem ekki eigi aðild að þessu máli.

Til stuðnings ofangreindum málsástæðum sínum vísar stefndi til dóms Félagsdóms í máli nr. 3/2011 sem hafi fordæmisgildi um ofangreind atriði. Ný túlkun eða skilningur starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins eða Fjársýslu ríkisins á framkvæmd kjarasamnings aðila geti ekki réttlætt einhliða og svo að segja fyrirvaralaus breytingu á skilningi og gildi kjarasamnings sem hafi viðgengist árum saman. Sé hvorug þessara stofnanna eða deilda bær til þess einhliða að gefa fyrirmæli um skilning eða túlkun á kjarasamningi.

Stefnandi byggir á því að ekki sé hægt að segja starfsmönnum upp greiðslum vaktaálags í helgarfríum með sama hætti og unnt sé að segja upp einstaklingsbundnum ráðningarkjörum, enda ljóst að framkvæmdin hafi ekki tekið mið af einstaklingsbundum ákvæðum ráðningarsamnings, heldur skilningi aðila á ákvæði kjarasamnings sem um 24 starfsmenn að jafnaði hafi þegið greiðslur samkvæmt á hverju ári. Kröfur stefnanda grundvallast á túlkun kjarasamnings samkvæmt venju sem ekki verði breytt nema með því að gera nýjan kjarasamning fyrir félagsmenn VLFA sem starfa hjá HVE á Akranesi. Vísar stefndi í þessu sambandi til dómafordæmis Félagsdóms í máli nr. 3/2010.

Málsástæður stefnda og lagarök

Stefndi vísar því eindregið á bug að ákvörðun HVE um að hætta að greiða vaktaálag í helgidagafríum feli í sér brot á framkvæmd greinar 2.6.7 og að greiðslurnar séu hluti af föstum launum sem HVE sé skylt að greiða félagsmönnum VLFA á Akranesi. Ekki fái staðist staðhæfingar stefnanda um að hér sé um að ræða nýja túlkun eða skilning starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins eða Fjársýslu ríkisins. Ráðuneytið hafi aldrei gengið út frá tilvist framkvæmdar HVE á grein 2.6.7 við kjarasamningsgerð, þvert á móti hafi ríkið talið að framkvæmd ákvæðisins hafi verið með sama hætti og annars staðar. Ráðuneytið hafi ávallt talið að greidd væru föst laun fyrir dagvinnu þegar starfsmaður fengi frí, með vísan til greinar 2.6.7. Þá sé sá uppgjörsmöguleiki fyrir hendi samkvæmt grein 2.6.8 að fá greiðslu í stað þess að taka frí. Framkvæmd HVE hafi fyrst komið í ljós við innleiðingu á Vinnustund, rafrænni viðveru og fjarvistarskráningu, þegar í ljós hafi komið að kerfisþættir Vinnustundar héldu ekki utan um þessa útreikninga og greiðslur HVE. Við gerð kerfisþáttar vegna greinar 2.6.7 í Vinnustund hafi verið horft til venjubundinnar túlkunar á greininni. Þar sem framkvæmd HVE hafi ekki verið í samræmi við hina venjubundnu túlkun á því ákvæði, hafi ekki verið gert ráð fyrir þeirri framkvæmd í kerfisþáttum Vinnustundar.

Stefndi kveður forsvarsmenn stefnanda hafa vitað eða mátt vita um þessa skýringu á kjarasamningsákvæðinu hjá öðrum stéttarfélögum innan ASÍ en ekki hafi verið ágreiningur milli ríkisins og ASÍ um almenna túlkun á því. Ráðuneytið hafi því talið að þessi skýring væri sameiginlegur skilningur stefnda og allra þeirra stéttarfélaganna innan ASÍ sem að sambærilegu kjarasamningsákvæði hafi komið.

Framkvæmd HVE hafi ekki verið til umfjöllunar sem samningsatriði við kjarasamningsgerð aðila og geti framkvæmdin því ekki talist hluti af kjarasamningi ríkisins og Starfsgreinasambands Íslands f.h. VLFA og fleiri stéttarfélaganna. Í framlögðu bréfi fjármálaráðuneytisins til ríkislögmanns, dagsettu 10. apríl 2012, sé rakin forsaga þess að starfsmenn sjúkrahúsanna urðu starfsmenn ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hóf að semja við stéttarfélög starfsmanna þeirra og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Í tengslum við gerð fyrsta sameiginlega kjarasamningsins milli ríkisins og Starfsgreinasambandsins vegna allra stéttarfélaganna innan vébanda sambandsins, sem undirritaður var 7. apríl 2004, hafi, auk sameiginlegs kjarasamnings, verið gert sérstakt samkomulag við hvert og eitt félag um afmörkuð ákvæði sem það taldi vera sitt sérmál. Þannig hafi verið gert sérstakt samkomulag í fimm liðum um slík sérákvæði við VLFA, auk einnar einhliða yfirlýsingar fjármálaráðuneytisins um að tiltekin framkvæmd á svokölluðu sex daga fríi yrði áfram sú sama og áður. Engin krafa hafi hins vegar komið fram á þeim tíma af hálfu VLFA um að sú framkvæmd, sem nú sé gerð krafa um, skyldi halda gildi sínu. Ráðuneytið telji því að túlkun þess á grein 2.6.7 hafi verið sameiginlegur skilningur ríkisins

og allra þeirra stéttarfélag, sem að sambærilegu kjarasamningsákvæði komu, þ. á m. aðildarfélag Starfsgreinasambandsins, og sé ekki unnt að fallast á að túlkun greinar 2.6.7 sé mismunandi eftir því hvaða aðildarfélag innan þess eigi í hlut.

Stefndi vísar því eindregið á bug að framkvæmd HVE á greiðslu vaktaálags í helgidagafríum feli í sér svo sterka venju að henni verði ekki vikið til hliðar nema með því að taka ákvæðið sérstaklega upp í kjarasamningi og semja um það upp á nýtt milli aðila. Ekki sé hægt að lesa út úr ákvæði greinar 2.6.7 þá framkvæmd sem HVE byggir á. Af bréfi Ásgeirs Ásgeirssonar til VLFA, dagsettu 8. nóvember 2011, megi ráða að HVE hafi byggt þessa einhliða ákvörðun um rýmri framkvæmd á ákvæði greinar 2.6.7 á grundvallarreglunni um stjórnunarrétt vinnuveitanda. Því hafi hér hvorki verið um umsamin ráðningarbundin kjör að ræða eða greiðslu samkvæmt almennri túlkun á ákvæði 2.6.7, heldur einhliða ákvörðun HVE um framkvæmd. HVE hafi því á grundvelli stjórnunarréttarins einnig ákvörðunarvald um að segja framkvæmdinni upp einhliða, þrátt fyrir að hafa framkvæmt hana um langa hríð, með hæfilegum fyrirvara. Ekki fái staðist að sami samningur sé túlkaður á annan hátt hjá starfsmönnum á öðrum starfsstöðvum HVE eða milli annarra starfsmanna hjá öðrum stéttarfélögum en VLFA sem starfa hjá HVE. Skilningur ráðuneytisins á grein 2.6.7 hafi ætíð verið sá að vaktaálag greiddist ekki til viðbótar þegar starfsmaður færi í helgidagafrí. Í vaktafríi haldi hann aðeins óskertum launum í helgidagafrí og hafi ráðuneytið túlkað það svo að vaktaálag teljist ekki til óskertra fastra launa samkvæmt ákvæðinu.

Stefndi vísar því eindregið á bug að venja hafi skapast sem víki ákvæði greinar 2.6.7 til hliðar. Í svari HVE í tölvupósti, dagsettum 29. nóvember 2011, við spurningum formanns VLFA komi fram að samkvæmt úttekt launafulltrúa HVE hafi það verið upp og ofan hvort starfsmönnum hefðu verið greidd laun með vaktaálagi í helgidagafrí eða með orlofi ofan á álag eins og gert sé nú í öllum tilvikum. Sé ekki unnt að fallast á að dómur Félagsdóms í máli nr. 3/2010 og 3/2011 hafi fordæmisgildi í því máli sem hér sé til umfjöllunar. Ekki fái heldur staðist þær staðhæfingar stefnanda í stefnu um að starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins eða Fjársýsla ríkisins séu ekki bærar til að gefa fyrirmæli um skilning eða túlkun á kjarasamningi. Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fari með samningsréttinn við gerð kjarasamninga og þegar komi að túlkun ákvæða kjarasamninga hafi fjármálaráðuneytið, í krafti þess að fara með samningsumboðið, lokákvörðunarvald um það hvernig ríkið sem vinnuveitandi túlki kjarasamninga.

Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í máli þessu er deilt um það, hvernig skilja beri ákvæði 2.6.7 í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambands Íslands f.h. Verkalýðsfélags Akraness (VLFA), sem undirritaður var 3. júlí 2009. Með þeim samningi var gildandi kjarasamningur aðila framlengdur til 30. nóvember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum fólust. Eldri kjarasamningurinn var undirritaður 7. apríl 2004 og skyldi hann gilda frá 1. mars það ár til og með 31. mars 2008. Óumdeilt er að túlkun stefnda, Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE), á framangreindu kjarasamningsákvæði og framkvæmd samningsins við launagreiðslur var um langa hríð á þann veg, að í stað þess að fá greidda vinnu, sem unnin var á sérstökum frídögum sem yfirvinnu, sbr. ákvæði greinar 2.3.2 í kjarasamningnum, átti starfsmaður, sem grein 2.6.7 tæki til, val um að fá frí á óskertum föstum launum í 88

vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf í heilt ár, þar með talið vaktaálag. Í tölvubræfi Ásgeirs Ásgeirssonar, framkvæmdastjóra fjármála hjá HVE, til Vilhjálms Birgissonar, formanns VLFA, dagsettu 29. nóvember 2011, kemur fram að það hafi verið „upp og ofan“ hvort laun voru greidd með þeim hætti að greiða vaktaálag vegna helgidagavinnu hjá stofnuninni eða hvort greitt var orlof ofan á álag eins og nú sé gert í öllum tilfellum. Segir síðan að elstu heimildir um greiðslur með þessum hætti til fastráðinna starfsmanna nái aftur til ársins 1985. Þá kemur fram að hætt hafi verið greiðslum á vaktaálagi í helgidagafríum 31. desember 2010 eftir ábendingu frá Fjársýslu ríkisins.

Ágreiningur aðila máls þessa lýtur að því, hvort stefndi hafi getað breytt framangreindri framkvæmd með því að tilkynna um breytinguna með bréfi, dagsettu 1. nóvember 2010, til trúnaðarmanna starfsmanna þar sem fram kom að frá og með 1. janúar 2011 myndi HVE hætta umræddum greiðslum vaktaálags í helgidagafríum. Stefnandi byggir á því að slíkri breytingu á gildandi áralöngu og athugasemdalausum fyrirkomulagi verði ekki náð fram, nema með því að taka ákvæðið sérstaklega upp í kjarasamningi og semja um það að nýju. Hafi skapast um framkvæmdina svo sterk venja að henni verði ekki breytt nema með gerð nýs kjarasamnings. Skipti þá engu máli af hvaða ástæðum skilningur eða framkvæmd samnings var með þessum tiltekna hætti.

Stefndi hafnar því að sú ákvörðun HVE að hætta að greiða vaktaálag í helgidagafríum feli í sér brot á framkvæmd greinar 2.6.7 í kjarasamningi aðila. Bendir stefndi á að ekki sé hægt að lesa út úr ákvæði greinar 2.6.7 þá framkvæmd sem HVE byggði á. Hafi hvorki verið um umsamin ráðningarbundin kjör að ræða né greiðslu samkvæmt almennri túlkun á framangreindu kjarasamningsákvæði. Þá mótmælir stefndi því að greiðslurnar séu hluti af föstum launum sem stofnuninni sé skylt að greiða félagsmönnum stefnanda á Akranesi. Framkvæmdin hafi í raun verið einhliða ákvörðun HVE um framkvæmd og því hafi stofnunin á grundvelli stjórnunarréttarins einnig ákvörðunarvald til að segja framkvæmdinni upp einhliða eins og hún hafi nú gert.

Af hálfu starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins hafi alltaf verið gengið út frá því að framkvæmd ákvæðisins væri með sama hætti og annars staðar, þ.e. að greidd væru föst laun fyrir dagvinnu þegar starfsmaður fengi frí samkvæmt ákvæðinu. Einnig byggir stefndi á því að sá uppgjörsmöguleiki sé fyrir hendi samkvæmt grein 2.6.8 að fá greiðslu í stað þess að taka frí. Framkvæmd HVE hafi fyrst komið í ljós við innleiðingu á Vinnustund, nýrri rafrænni viðveru- og fjarvistarskráningu. Þar sem framkvæmd stofnunarinnar hafi ekki verið í samræmi við venjubundna túlkun á grein 2.6.7 í kjarasamningnum, hafi ekki verið gert ráð fyrir slíkri framkvæmd í kerfisþáttum Vinnustundar.

Eins og getið er hér að framan er óumdeilt að félagsmönnum stefnanda hafði um langa hríð verið greitt vaktaálag í helgidagafríum. Í gögnum málsins kemur fram að þá framkvæmd megi rekja allt aftur til ársins 1985 og er jafnframt ljóst að sú framkvæmd var við lýði þar til 1. janúar 2011. Óumdeilt er að félagsmenn stefnanda, sem mál þetta varðar, vinna á reglubundnum vöktum. Í grein 2.6.7 er kveðið á um að vinnu slíkra starfsmanna skuli launa með álagi samkvæmt grein 1.5.1 en í því ákvæði segir að vaktaálag reiknist af dagvinnukaupi og þar er jafnframt að finna fyrirmæli um útreikning þess. Verður að telja að „óskert föst laun“ í skilningi greinar 2.6.7 taki til vaktaálags, enda er það órofa þáttur í launakjörum þeirra. Þá má hér einnig líta til þess skilnings, sem fram kemur í grein 12.2.6 í kjarasamningnum, þar sem vísað er til vaktaálags sem fastrar greiðslu sem greiða beri, auk mánaðarlauna, í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla þegar um er að ræða m.a. vinnu samkvæmt reglubundnum vöktum. Að þessu virtu verður hvorki fallist á það með stefnda að greiðsla vaktaálags í

helgidagfríum verði ekki lesin út úr ákvæði greinar 2.6.7 né að sú staðreynd, að framkvæmd greiðslanna kom ekki til umfjöllunar sem sérstakt samningsatriði við kjarasamningsgerð, leiði til þess að hún verði talin falla utan kjarasamningsins. Af þessum sökum er ekki unnt að líta svo á að umþrætt framkvæmd HVE við greiðslu álagsins verði talin einhliða ákvörðun á sviði stjórnunarréttar vinnuveitanda sem segja megi upp einhliða.

Þegar venja hefur myndast um framkvæmd og túlkun kjarasamnings hefur hún svipað gildi og kjarasamningur og verður ekki breytt einhliða af öðrum samningsaðila. Í ljósi efnis kjarasamnings aðila að þessu leyti og þess, að athugasemdalaus framkvæmd greiðslu vaktaálags í helgidagafríum verður rakin allt aftur til ársins 1985, verður að fallast á það með stefnanda að myndast hafi venja um framkvæmd umræddra greiðslna. Breytir ekki þeirri niðurstöðu þótt í bréfi framkvæmdastjóra fjármála hjá HVE til formanns VLFA, dagsettu 29. nóvember 2011, komi fram að það hafi verið „upp og ofan“ hvort laun voru greidd með þeim hætti, sem hér um ræðir. Hefur enda ekkert verið leitt í ljós sem bendir til annars en að framkvæmdin hafi verið almenn. Máttu félagsmenn stefnanda því treysta því að umrætt álag yrði greitt til samræmis við umrædda venju. Verður slíkri venjubundinni framkvæmd almennt ekki breytt nema með nýjum kjarasamningi milli aðila. Breytir engu um þá niðurstöðu þótt fjármálaráðuneytið og Fjársýsla ríkisins hafi gengið út frá því að framkvæmdin væri með öðrum hætti en raunin var.

Samkvæmt framansögðu ber því að fallast á viðurkenningarkröfu stefnanda, eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir niðurstöðu málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að ákvörðun stefnda, Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, að hætta greiðslum vaktaálags í helgidagafríum til félagsmanna stefnanda, Verkalýðsfélags Akraness sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, feli í sér brot á framkvæmd greinar 2.6.7 í aðal-kjarasamningi fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambands Íslands, f.h. Verkalýðsfélags Akraness, gagnvart félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness sem starfa við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi.

Viðurkennt er að stefnda sé skylt að greiða félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness, sem starfa við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, vaktaálag á helgidagafríum frá 1. janúar 2011.

Viðurkennt er að vaktaálag á greiðslur í helgidagafríum sé hluti af föstum launum félagsmanna Verkalýðsfélags Akraness sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi.

Stefndi greiði stefnanda 300.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir

Gylfi Knudsen

Kristjana Jónsdóttir

Lára V. Júlíusdóttir

Inga B. Hjaltadóttir
